



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík, 4. maí 2018

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 (EES- reglur, stjórnvaldssektir o.fl.), 467. mál.**

### **Almennt**

Samtök atvinnulífsins, Samorka, Samtök iðnaðarins og SVP – Samtök verslunar og þjónustu (samtökin) skila sameiginlegri umsögn um mál þetta.

Nú eru liðin 18 ár frá því lög um mat á umhverfisáhrifum tóku gildi hérlendis. Ferlið var nýjung á þeim tíma og þá var ákveðið að setja sérstök lög og skilgreina nýja stjórnsluferla. Síðan hafa verið sett önnur lög sem byggja á sams konar aðferðafræði. Þar má nefna lög um umhverfismat áætlana (nr. 105/2006), skipulagslög og fleiri. Auk þessa þurfa almennar leyfisveitingar stofnana að fara í gegnum kynningar- og umsagnarferli.

Á þeim tíma sem liðinn er hefur mikil reynsla og þekking skapast og vinnubrögðin hafa batnað. Lögín hafa oft tekið breytingum og ganga að ýmsu leyti lengra en gert er ráð fyrir í tilskipunum ESB. Samtökin telja því að kominn sé tími til að endurskoða lögín og ferlana í heild sinni í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur í stað þess bútasaums sem nú á sér stað með þessu frumvarpi og öðrum sem liggja fyrir Alþingi.

Mat á umhverfisáhrifum er þess eðlis að það stendur aldrei eitt og sér án samhengis, það er liður í undirbúningi framkvæmda sem ætla má að geti haft umtalsverð umhverfisáhrif.

Samtökin kalla eftir heildarendurskoðun, ekki einungis á lögum um mat á umhverfisáhrifum, heldur einnig ferla sem þau eru hluti af og tengjast. Með því að horfa á heildarmyndina, samræma lög og leyfisveitingar og straumlínulaga vinnubrögð má ná fram sparnaði fyrir atvinnulíf, ríki og sveitarfélög. Samtökin eru sannfærð um að með því myndi einnig nást betri árangur í umhverfisvernd og árangursríkara samráð við samfélagið um skipulag og framkvæmdir.



Meðal þess skoða þyrfti er að hver og ein framkvæmd kemur ítrekað til umfjöllunar hjá sömu sérfræðingum stofnana. Mikið álag veldur töfum og erfitt er að spá fyrir um tíma sem tekur að vinna skipulags- og leyfismál. Utanumhald gagna er óskilvirkt. Leyfisveitingar mismunandi aðila skarast og geta tafið hver fyrir annarri. Setja þyrfti tímaramma sem stofnanir hafa til að vinna mál og þær þurfa að virða fresti. Algengt er að efnislegar athugasemdir komi seint fram sem ógnar markmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum. Þannig koma gjarnan fram kærur á lokastigi leyfisveitinga frá aðilum sem hafa látið mat á umhverfisáhrifum ganga fram athugasemdalaust. Mikill kostnaður er vegna tafa ef kærur koma fram og þar er verst óvissan um hve langan tíma mun taka að afgreiða þær.

Samtökin telja að mat á umhverfisáhrifum sé nauðsynlegur hluti til að lágmarka umhverfisáhrif við skipulagsgerð og fyrirhugaðar framkvæmdir. Það er miður að matið sé orðið að skrifræðisbákni, sem ógnar framförum, þegar markmiðið með því er að stuðla að betra samfélagi og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif.

### **Um frumvarpið**

Fyrir þinginu liggja tvö stjórnarfrumvörp og eitt þingmannafrumvarp með tillögum um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum og boðað hefur verið að í framhaldinu fari fram heildarendurskoðun þeirra. Samtökin telja að betur fari á því að ljúka heildarendurskoðun laganna og líta til tengdra leyfisveitinga frekar en að vinna málið í mörgum smáum skrefum eins og hér er gert.

Samtök atvinnulífsins áttu fulltrúa í starfshóp sem umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði í apríl 2016 til að vinna drög að frumvarpi um breytingu á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, vegna innleiðingar á tilskipun 2014/25/ESB.

Nefndinni var ætlað að skila frumvarpi er leiddi af tilskipuninni annars vegar og hins vegar tillögu að öðrum breytingum á frumvarpinu. Nefndin fór mjög ítarlega yfir öll ákvæði laganna og þau atriði sem breytinga gætu þarfnast. Ekki var mikill ágreiningur um orðalag flestra breytinga er leiða af tilskipuninni. Hins vegar náðist ekki að ljúka heildarendurskoðun laganna einkum vegna þess að í nánast heilt ár lá starf hópsins niðri.

Hópurinn skilaði frumvarpsdrögum til ráðherra í febrúar sl. Fulltrúar SA og Sambands íslenskra sveitarfélaga skiluðu séráliti og tóku ekki undir veigamiklar tillögur nefndarinnar. Í sérálitinu er ítarlega rakið hvernig starfi nefndarinnar var háttað og um hvaða atriði frumvarpsins ágreiningur var. Samtökin ítreka afstöðu atvinnulífsins til þessara atriða.

Veigamesta breytingin sem varð að nefndarstarfinu loknu er að í 12. gr. frumvarpsins stendur nú að gildistími álits Skipulagsstofnunar skuli vera fimm ár í stað þriggja ára í frumvarpsdrögum ráðuneytisins. Samtökin telja það enn óásættanlegt og telja að gildistími ákvörðunar Skipulagsstofnunar eigi að vera 10 ár eins og í núgildandi lögum.



Fimm ár eru of skammur tími til að ferlin geti gengið fyrir sig á eðlilegan hátt í stærri framkvæmdum. Það á við um allar tegundir af framkvæmdum, hvort sem um er að ræða hótélbyggingar víða um land, vegagerð, virkjanir, fiskeldi, iðjuver og línulagnir að undirbúningur þeirra tekur langan tíma og þegar álit Skipulagsstofnunar liggur loks fyrir er fyrst unnt að hefja lokahönnun, fjármögnun, framkvæmdaundirbúning, að fimm ár eru allt of skammur tími. Að auki er langur afgreiðslutími úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sérstakur kapítuli.

### Tillaga samtakanna

Eins og fram hefur komið er frumvarpið annað af tveimur stjórnarfrumvörpum sem fyrir þinginu liggja. Samtökin telja að starfshópurinn sem vann að báðum frumvörpunum eigi að fá tækifæri til að ljúka heildarendurskoðun laganna þannig að unnt verði að leggja nýtt frumvarp fyrir Alþingi á haustmánuðum. Þar yrði þess freistað að ná sameiginlegri niðurstöðu í helstu ágreiningsmálum sem af hálfu atvinnulífsins eru a) um að matsáætlun verði ekki skylda heldur valkvæð á svipaðan hátt og í tilskipun ESB, b) um gildistíma álits Skipulagsstofnunar og c) um endurskoðun umfangs þeirra framkvæmda sem undir löglin falla samkvæmt viðauka við löglin.

Samtökin óska þess að þingnefndin beini tilmælum í þessa veru til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

### Virðingarfyllt

F.h. Samtaka atvinnulífsins

F.h. Samtaka iðnaðarins

F.h. Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja

F.h. SVP - Samtaka verslunar og þjónustu